# FLÓAHREPPUR

## Aðalskipulag 2006-2018 í fyrrum Villingaholtshreppi
## Breyting á frístundasvæði á Egilsstöðum 1




Breytt aðalskipulag Flóahrepps 2006-2018, í fyrrum Villingaholtshreppi. Mkv. 1:50.000.




Aðalskipulag Flóahrepps 2006-2018, í fyrrum Villingaholts-hreppi, með síðari breytingum. Staðfest 18. febrúar 2011. Mkv. 1:50.000.

**Byggð**

- Landbúnaðarsvæði
- Lögbýli / Eyðibýli
- Efnistökusvæði
- Frístundabyggð

**Verndarsvæði**

ÞJÓÐMINJAVERNDARSVÆÐI

- Friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum

**Veitur**

RAFVEITA

- Háspennulínur 11kV - 19kV (til skýringar)

**Samgöngur**

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir (sýndir til skýringar)
- Reiðleiðir

**Mörk**

- Mörk skipulagssvæðis

**Tákn til skýringar**

- Landamerki, óviss og ekki tæmandi

**GREINARGERÐ**
Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til breyttrar landnotkunar á frístundasvæðinu F8 í landi Egilsstaða 1 í Flóahreppi. Í gildandi Aðalskipulagi Flóahrepps 2006-2018, í fyrrum Villingaholtshreppi, er gert ráð fyrir um 15 ha frístundasvæði.

**FRÍSTUNDASVÆÐI**
Gert er ráð fyrir að frístundasvæðið F8 á Egilsstöðum 1 verði minnkað og svæðinu breytt í landbúnaðarsvæði. Eftir breytinguna verður frístundasvæðið um 4 ha að stærð, gert er ráð fyrir allt að 8 lóðum. Gerð er breyting á greinargerð, kafla 5.2.7 um frístundabyggð og samsvarandi breyting á aðalskipulagsuppdrætti.

Með uppbyggingu nýs býlis í næsta nágrenni frístundasvæðisins þá mun umferð í nágrenninu aukast. Þó ber að líta til þess að frístundasvæðið liggur að Urriðafossvegi og um hann er talsverð umferð. Því er ekki gert ráð fyrir ónæði af umferð á frístundasvæðinu umfram það sem er í dag. Þá liggur frístundasvæðið að landbúnaðarlandi og má því í nokkra daga á ári gera ráð fyrir lykt vegna dreifingar búfjáráburðar á tún. Gert er ráð fyrir að önnur áhrif af landbúnaðarstarfsemi á frístundasvæði séu óveruleg.

**LANDBÚNAÐARSVÆÐI**
Landbúnaðarsvæði á Egilsstöðum 1 stækkar um 11 ha. Gert er ráð fyrir að byggja upp nýtt býli á svæðinu. Gerð verður ný aðkoma frá Urriðafossvegi (nr. 302).
Í greinargerð með gildandi aðalskipulagi, kafla 5.2.9, er kveðið á um starfsemi og byggingar sem heimilar eru á landbúnaðarsvæðum og gilda þau ákvæði áfram óbreytt.
Nýtt býli styrkir byggð og atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu.
Sjónræn áhrif eru óveruleg þar sem gert var ráð fyrir uppbyggingu á svæðinu sem frístundabyggð. Með nýrri byggð eykst umferð eitthvað en ekki er þó gert ráð fyrir auknu ónæði af þeirri umferð þar sem svæðið liggur að Urriðafossvegi og um hann fer talsverð umferð í dag.

**NIÐURSTAÐA**
Aðalskipulagsbreytingin styður við markmið sveitarstjórnar um hagkvæma þróun byggðar, svæðið liggur vel við samgöngum og öðrum veituleiðum innan sveitarfélagsins. Áfram verður gott framboð af frístundasvæðum innan sveitarfélagsins. Ekki er gert ráð fyrir ónæði vegna umferðar, umfram það sem er í dag.

**BREYTINGAR**
Stærð frístundasvæðisins er leiðrétt. Gerð er grein fyrir áhrifum landbúnaðarstarfsemi á frístundasvæði.

Aðalskipulagsbreyting þessi var samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps
þann ______________________ samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laga nr. 123/2010.

__________________________________________________________

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun
þann __________________________

__________________________________________________________

__________________________________________________________

SKIPULAGSFERLI

Lýsing var auglýst frá: ________ til: ________

Aðalskipulagsbreytingin var kynnt: ________

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: ________ til: ________

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest í B tíðindum: __________

| STEINSHOLT | FLÓAHREPPUR<br>Aðalskipulagsbreyting | |
|---|---|---|
| Suðurlandsvegi 1-3<br>850 Hella. S. 487 7800<br>www.steinsholtsf.is | Verk: 8722 SA107 | Dags: 01.02.2016 |
| | Mkv: 1:50.000 | Breytt: 18.05.2016 |
| | Blaðstærð: A3 | |
| Hannað: GG, ÁJ, IS<br>Teiknað: IS | Samþykkt: TILLAGA | |